



Rathlaup í Jökuldalsheiði.

30. júní- 1. júlí.

Um er að ræða liðakeppni í þremur flokkum:

Fjölskyldurathlaup 4 klst. (3-5 í liði)

10 klst. rathlaup (2-3 í liði)

24 klst. rathlaup (2-3 í liði)

Keppnisfyrirkomulag:

Einni klukkustund fyrir ræsingu fá liðin í hendur kort með ámerktum punktum. Hver punktur á kortinu stendur fyrir stað sem auðkenndur er með flaggi og þar er að finna gatara/stimpil sem liðin nota til að gata/stimpla á þar til gert liðsblað og staðfesta þannig komu sína á staðinn. Staðirnir gefa mis mörg stig eftir því hversu erfitt er að finna eða komast á viðkomandi stað og sigrar það lið sem nær flestum stigum. Liðin ákveða fyrirfram hvaða leið þau ætla að fara og hvaða punkta þau ætla að sækja og gefa umsjónarmanni keppinnar þá áætlun upp. Ekki þarf að fylgja áætluninni nákvæmlega, en öryggis keppenda vegna er gott að fylgja henni sem mest.

Keppni hefst og lýkur við Sænautasel, og þar verður bækistöð fyrir keppendur og starfsfólk, þangað geta keppendur komið og gætt sér á kraftmikilli kjötsúpu á meðan á rathlaupinu stendur.

Keppnisgjöld:

Fjölskyldurathlaup 4 klst. 2000 kr. á lið.

10 klst. rathlaup 10.000 kr. á lið

24 klst. rathlaup 15.000 kr. á lið.

Innifalið kjötsúpa, aðgangur að safninu í Sænautaseli og hjólabátum, gleði og gaman að keppni lokinni.

Allir keppendur í fjölskylduflokki fá viðurkenningu fyrir þátttökuna en glæsileg verðlaun eru veitt fyrir stigahæsta liðið í 10 og 24 klst hlaupunum.

Björgunarsveitin Jökull sér um öryggismál keppinnar og verður með vakt á svæðinu.

Alcoa Fjarðaál

